

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 325/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Helga Heiðari Georgssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabætur. Ákvörðun refsingar frestað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins, sem krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að refsing verði þyngd. Jafnframt er krafist staðfestingar á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um skaðabætur.

Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og skaðabóta-kröfu vísað frá dómi.

Ákærða er gefið að sök að hafa undir miðnætti föstudagskvöldið 14. maí 1982 slegið Sigurjón Hjálmarsson hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann skrámaðist og bólгнаði í andliti og gervi-tennur brotnuðu. Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa slegið Sigurjón einu sinni eða tvisvar með krepptum hnefa á hægri kjálka. Hann leggur hins vegar áherslu á, að Sigurjón hafi verið mjög ölvaður og reynt í því ástandi að ryðjast í algjöru heimildarleysi inn á heimili einstæðrar móður, sem ákærði var gestkomandi hjá og hann nú er kvæntur. Sjálfur kvaðst Sigurjón hafa verið töluvert ölvaður og því ekki hafa viljað gefast upp og bankað aftur á úti-dyrahurðina, og vildi enda ekki trúa því að húsráðandi væri sofn-aður. Kvaðst hann hafa átt orðaskipti við ákærða og þeir rifist. Læknir sá sem Sigurjón leitaði til upp úr miðnætti segir hann hafa verið talsvert drukkinn.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 217. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og verður ekki litið á viðbrögð hans við ásókn Sigurjóns sem neyðarvörn, sbr.

12. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar hafði ákærði ástæðu til að bægja Sigurjóni frá heimilinu. Samkvæmt 218. gr. a, loka-ákvæði 3. mgr., almennra hegningarlaga sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981 þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, enda hefur ákærði ekki sætt kærufyrir önnur hegningarlagabrot.

Skaðabótakrafa Sigurjóns Hjálmarssonar á stoð í áverkavottorði heilsugæslulæknisins á Fáskrúðsfirði og þykir með vísan til þess og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms rétt að staðfesta niðurstöðu hans um skaðabótaskyldu ákærða og fjárhæð skaðabóta en með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 30.000,00 krónur.

Mál þetta lá niðri frá 15. maí 1982 til 23. desember 1983, er ákærði var yfirheyrður í sakadómi Vestmannaeyja, og frá 9. janúar 1985 til 15. janúar 1986. Dómur var kveðinn upp 22. júlí 1986 en ekki birtur fyrr en 12. júní 1987. Þessi hlé á málsmeðferð verða ekki að fullu skýrð með þeirri ástæðu, er greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms eða af búferlaflutningum ákærða og sjómannsstarfi hans, og eru ámælisverð.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Helga Heiðars Georgssonar, skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurjóni Hjálmarssyni 10.800,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 4. júlí 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar

1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 9. janúar s.á., með dómvöxtum skv. lögum 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 30.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 22. júlí 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. febrúar 1986, endurupptekið 22. júlí 1986 og tekið til dóms sama dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali dagsettu 19. júlí 1984 á hendur Helga Heiðari Georgssyni stýrimanni, Heimagötu 28, Vestmannaeyjum, fæddum 8. mars 1959 í Vestmannaeyjum „fyrir líkamsárás með því að hafa undir miðnætti 14. maí 1982 að Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði, slegið Sigurjón Hjalmarsson, fæddan 9. júlí 1943, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann skrámaðist og bólгнаði í andliti og gervitennur (efri og neðri gómur) brotnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Kærði er sakhæfur. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1979 9/6 í Vestmannaeyjum: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1979 17/6 í Vestmannaeyjum: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1980 5/12 í Vestmannaeyjum: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 05.12. 1980.
- 1981 16/4 í Vestmannaeyjum: Sátt: 100 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1982 11/6 í Vestmannaeyjum: Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 16.06. 1982.
- 1985 2/7 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Málavextir:

Laugardaginn 15.05. 1982, kl. 13:00 mætti Sigurjón Hjálmarsson, Hlíðargötu 55, Búðum, fæddur 09.07. 1943, á lögreglustöðina að Búðum, Suður-Múlasýslu.

Mætti kvaðst hafa um miðnætti kvöldið áður knúið á dyr hjá Erlu Oddsdóttur, vinkonu sinni, að Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði, en til dyra hafi komið maður sem mætti kvaðst vita að hétí Helgi, sem er ákærði í máli þessu. Er mætti spurði eftir Erlu hafi Helgi sagt að hún væri farin að sofa og eftir einhver orðaskipti skellt hurðinni. Mætti kveðst ekki hafa viljað trúa honum og knúið á dyr aftur. Þá hafi Helgi svipt upp hurðinni á ný og kveðst mætti ekki muna „hvort hurðinni var svipt upp og mér gefið á kjaftinn mjög snögglega eða hvort maðurinn réðst á mig“. Afleiðingar þessarar árásar kveður mætti hafa verið að falskar tennur í neðri og efri góm hafi brotnað og eyðilagst. Hann kveðst hafa borið hendur fyrir sig, en ákærði hafi haldið áfram að slá sig, en hann hafi komist undan skömmu síðar og síðan farið til læknis sem gerði áverkavottorð. Mætti kveður að hann hafi auk áður nefnds tjóns fengið áverka á höfði og hægri auga og einnig hafi blússa, er hann hafi verið í, rifnað.

Ákærði, Helgi Heiðar Georgsson, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu þann 15.05. 1982, eða daginn eftir umræddan atburð. Ákærði kvaðst hafa verið heima hjá Erlu Oddsdóttur, Skólavegi 25, Búðum, Fáskrúðsfirði, föstudagskvöldið 14. maí 1982 ásamt Báru Traustadóttur og hafi þau setið að rauðvinsdrykkju. Um kl. 24:00 kveður ákærði að bankað hafi verið og hann farið til dyra. Ákærði sagði að úti fyrir hafi verið áberandi ölvaður maður, þ.e. Sigurjón Hjálmarsson, sem hann kvaðst ekkert kannast við. Hafi maður þessi spurt eftir Erlu, en ákærði kvaðst hafa sagt honum að hún væri farin að sofa. Maður þessi hafi þá byrjað að troða sér inn um dyrnar, en hann kveðst hafa staðið fastur fyrir og ekki hleypt honum inn og bent honum á að koma á morgun til að tala við Erlu. Síðan kveðst ákærði hafa bent Sigurjóni á gangstíginn og beðið hann að fara burt. Hafi Sigurjón þá hörfað úr dyragættinni og ákærði lokað. Skömmu síðar kvað ákærði að bankað hafi verið á ný, heldur fast. Kveðst ákærði hafa farið til dyra á ný og þá hafi sami maður staðið fyrir utan dyrnar og var þá töluvert hávær með uppsteyt og frekju og heimtaði að fá að tala við Erlu. Kveður ákærði að því næst hafi upphafist orðahnippingar sem hafi endað á því að Sigurjón hafi sparkað í hurðina og reynt að slá ákærða, sem hafi komið sér undan högginu en slegið til Sigurjóns til baka og hent honum út. Síðan segir ákærði orðrétt: „Maðurinn gerði aðra tilraun til að slá mig, en ég sló til hans rétt á eftir. Síðan settist ég ofan á manninn meðan mestur móðurinn rann af honum, en hann fór skömmu seinna í burtu.“

Ákærði staðfesti skýrslu sína fyrir dómi er honum var kynnt bótakrafan og neitaði hann alfarið að greiða umkrafðar bætur og kvað kæranda hafa átt alla sök á því, hvernig farið hefði, með háttalagi sínu. Auk framan-greinds kvaðst ákærði, eftir að hafa komið Sigurjóni út úr dyragættinni í síðara skiptið er hann vildi hafa tal af húsráðanda, „slegið kæranda með krepptum hnefa einu sinni eða tvisvar á hægri kjálka. Kærandi hafði ríðað til falls og kveðst kærði hafa varið hann falli og fylgt honum niður heim-reiðina niður á götu.“

Ákærða var einnig kynnt lögregluskýrsla sú sem tekin var af kæranda Sigurjóni 15.05. 1982 og kvað hann þá skýrslu í meginatriðum ranga.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1982 (sic) var tekin framburðarskýrsla af Sigur-jóni á ný af lögreglunni í Suður-Múlasýslu. Staðfesti hann fyrri framburð sinn frá 15.05. 1982, en kvað framburð Helga alrangan og uppspuna frá rótum.

Auk þess er að framan greinir sagði Sigurjón síðan að hann minntist þess ekki að hafa bankað frekjulega né harkalega á dyrnar. Hann kvað hurðinni hafa verið svipt upp „og Helgi hafi slegið sig umyrðalaust beint í andlitið“. Hann hafi „hrasað við höggið og fallið út á grasið og hafi Helgi þá fylgt eftir og lagst ofan á mætta þar sem mætti lá í grasinu og mætti kveður Helga hafa látið högginn ríða á sig“. Kvaðst Sigurjón hafa reynt að bera hendur fyrir andlit sitt til að hljóta ekki frekari meiðsl, en síðan komist undan Helga og sloppið í burtu. Síðan segist Sigurjón „aldrei á meðan á þessu stóð reynt að slá til Helga þarna í dyrunum, né heldur hafi hann sýnt neinn ruddaskap er hann knúði dyra“.

Framangreindar skýrslur staðfesti kærandinn Sigurjón Hjálmarsson fyrir dómi 9. janúar 1985 og krafðist jafnframt hæstu lögleyfðra vaxta á bóta-kröfu sína frá 04.07. 1982 til greiðsludags.

Erla Oddsdóttir húsmóðir, Heimagötu 28, Vestmannaeyjum, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja 26. mars 1984. Kvaðst Erla fús að gefa skýrslu þrátt fyrir að hún væri eiginkona ákærða. Er umræddur atburður átti sér stað var hún húsráðandi að Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði.

Erla skýrði svo frá að hún hafi heyrt er Sigurjón knúði á dyr í bæði skipt-in með hálf- til eins tíma millibili. Í hvorugt skiptið hafi hún orðið vör við neitt óvenjulegt né vitað hvað gerðist við dyrnar, en ákærði hafi síðar sagt sér það. Erla sagði einnig að sér væri kunnugt um að Sigurjón Hjálmarsson hefði tvívegis áður en umræddur atburður átti sér stað reynt að komast inn í hús sitt að næturlagi.

Bára Traustadóttir, f. 07.02. 1956, til heimilis að Gaukshólum 2, Reykja-vík, mætti hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 9. apríl 1984 til að gefa skýrslu.

Bára kvaðst hafa verið gestkomandi hjá Erlu umrætt kvöld. Er hún hafði dvalið þar stutta stund hafi verið knúið á dyr og hafi ákærði farið til dyra og komið til baka eftir stutta stund. „Helgi sagði þá að Sigurjón Hjálmarsson

son hefði viljað komast inn í íbúðina, þar sem Sigurjón hélt að þarna væri einhver gleðskapur, en hann hefði varnað honum inngöngu. Mætta kveðst að öðru leyti lítið geta tjáð sig um málið, Helgi hafi jú sagt, þegar hann kom inn aftur, að hann hefði gefið Sigurjóni vel á kjaftinn og sagt honum að hypja sig frá húsinu.“ Annað kvaðst Bára ekki vita um málið.

Í vottorði Einars Guðmundssonar heilsugæslulækni, dags. 1. júní 1982, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir: „Þann 15.05.82 kom Sigurjón Hjálmarsson, Hlíðargötu 45, Búðum, nno. 7959-3907, ásamt konu sinni í Læknisbústaðinn. Kom hann upp úr miðnætti og kvaðst hafa verið beittur ofbeldi. Sigurjón var talsvert drukkinn en þó ekki neitt rugl á honum. Sagðist hann hafa verið að heimsækja vinkonu sína, en hjá henni mun hafa verið staddur maður sem líkaði ekki framferði Sigurjóns og réðst á hann og sló hann nokkrum sinnum í andlitið. Við skoðun kom í ljós að hæ. auga var rautt og rispa á hæ. efra augnloki eins og gjarnan sést við högg. Nokkurt hematoma var á vi. gagnauga en arcus ygomatiscus virtist óbrotinn. Einnig var smásárlfeður innan á neðri vör vi. megin.

Maðurinn hafi haft gervitennur og voru bæði efri og neðri gómur brotnir í mola.

Finnst mér lýsing Sigurjóns á áverkum koma heim og saman við það sem ég finn við skoðun.“

Telja verður sannað að tjónþoli, sem var ölvaður, hafi brugðist illa við þeirri ósk ákærða um að hann hyrfi á brott frá Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði, eftir að hafa knúið þar á dyr tvisvar með stuttu millibili og þá synt mótpróa sem leitt hafi til þess að til handalögmála hafi komið með þeim. Þó verður að telja ósannað að tjónþoli hafi slegið til ákærða. Ákærði hefur viðurkennt að hann hafi „slegið kæranda með krepptum hnefa einu sinni eða tvisvar á hægri kjálka“. Einnig hefur ákærði borið að hafa lagst ofan á Sigurjón, en ósannað verður að telja að hann hafi látið hnefahögg ríða á Sigurjóni meðan á því stóð.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram að aðgerðir ákærða gagnvart Sigurjóni í umrætt sinn væru „varnaðgerðir til að koma í veg fyrir að hann, ölvaður brytist inn til unnustu ákærða um miðja nótt“ og væru því refsilausar samkvæmt 12. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að visu verður að telja upplýst að tjónþoli hafi átt nokkurn þátt í að viðureign þeirra hófst, en samkvæmt gögnum málsins þykir valdbeiting ákærða hafa gengið framar en efni stóðu til.

Það er einnig fullyrt af hálfu ákærða að gervitennur Sigurjóns hafi ekki getað mölbrotnað af völdum ákærða og því haldið fram „að ekki sé hægt að hugsa sér að þær hafi mölbrotnað með öðrum hætti en kærandi hefði misst þær út úr sér og stigið ofan á þær“. Ákærði hefur þó ekki bent á nein sérgreind atvik önnur sem gætu verið orsök þess að gervitennur í

efri og neðri góm brotnuðu eins og í ákæru greinir. Dómurinn lítur svo á að telja verði nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, sérstaklega áverkavottorði og vætti ákærða sjálfs um að hann hafi gefið tjónþola eitt eða tvö hnefahögg í andlitið, sem telja má líklegt að hafi leitt til þess að gervitennurnar brotnuðu og hann hafi hlotið þá áverka sem í ákæru greinir og varðar háttsemi ákærða við 217. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða að sök sé fyrnd. Mál þetta hefur dregist, en telst þó ekki fyrnt þar sem ákærði kom fyrir dóm, áður en 2 ár voru liðin frá því verknaður var framinn.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið um háttsemi tjónþola, að hann hafi átt nokkurn þátt í því að til handalögmála kom, og þar sem ákærði hefur eigi áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða að refsing skuli vera 15 daga varðhald, en fullnustu refsingar skuli fresta og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Tjónþoli hefur krafist bóta úr hendi ákærða.

Bótakrafan sundurliðast þannig:

1. Gervitennur	kr. 7.400,00
2. Ferðakostnaður v/tannlæknis (7 ferðir)	kr. 6.153,00
3. Vinnutap (7 dagar)	kr. 3.805,00
4. Miskabætur	kr. 5.000,00
Samtals	kr. 22.358,00

Af hálfu ákærða hefur bótakröfunni verið mótmælt fyrir dómi 09.01. 1985.

Þá krafðist tjónþoli fyrir dómi 09.01. 1985 hæstu lögleyfðra vaxta á kröfuna frá 4. júlí 1982 til greiðsludags.

Um 1. Frammi liggur í málinu reikningur í samræmi við þennan kröfulið. Verður hann tekinn til greina.

Um 2. Engir reikningar liggja fyrir um að kærandi hafi tekið leigubíl til Egilsstaða til tannlæknis. Hins vegar þykir rétt að taka tillit til ferðakostnaðar þangað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000,00.

Um 3. Ekki hefur verið lagt fram vottorð atvinnurekanda um vinnutap tjónþola, né heldur hefur verið sýnt fram á það með öðrum hætti.

Um 4. Þessum kröfulið þykir í hóf stillt. Verður hann því tekinn að fullu til greina.

Þegar allt er virt þykja heildarbætur því hæfilega ákveðnar kr. 14.400,00. Vegna eigin sakar tjónþola þykir hann eiga að bera ¼ hluta tjónsins eða kr. 3.600,00. Verður ákærða því gert að greiða bótakrefjanda ¾ eða kr.

10.800,00 með vöxtum, jafnháum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, frá 4. júlí 1982 til greiðsludags, enda hefur vaxtakröfunni ekki verið mótmælt af hálfu ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Töluverður dráttur hefur orðið á rekstri málsins sökum mikilla anna við embættið.

Dómari sá sem dæmir málið fékk það til meðferðar í júlí 1986.

Jóhann Pétursson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Heiðar Georgsson, sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Sigurjóni Hjálmarssyni kr. 10.800,00 með vöxtum, jafnháum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, frá 4. júlí 1982 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.